Átti verðið í útboðinu að vera lægra?

● Sérfræðingar kryfja hlutabréfaútboð Bláa lónsins ● Þungur markaður

Í BRENNIDEPLI
Ásgeir Ingvarsson
ai@mbl.is



„Ég gerði ráð fyrir því að fyrst ákveðið var að fara af stað með útboð þá hlytu bæði ráðgjafar og stjórnendur félagsins að vera mjög vissir um að von yrði á góðri eftirspurn og þá sérstaklega erlendis frá, en sú virðist ekki hafa verið raunin," segir Alexander Jensen Hjálmarsson. Alexander er stofnandi Akkurs og greinandi og segir hann ekki fara á milli mála að áhuginn á hlutafjárútboði Bláa lónsins hafi verið undir væntingum þeirra sem að því komu.

Líkt og Morgunblaðið og Mbl.is hafa greint frá seldust hlutabréf fyrir 14,3 milljarða í útboðinu sem lauk á föstudag en alls bárust áskriftir að andvirði 15,3 milljarða króna. Alexander segir uppboðið vissulega ekki hafa mislukkast en umframeftirspurnin þyki ekki mikil og það geti komið fram þegar viðskipti hefjast í kauphöllinni. „Þegar mikil umframeftirspurn er í útboði þá hækkar gengið iðulega eftir útboð því þeir sem ekki fengu alla þá hluti sem þeir vildu í útboðinu vilja jafnan bæta við sig hlutum. Í þessu tilviki var umframeftirspurnin mjög lítil og má því kannski gefa sér að það verði lítill kaupkraftur í kjölfar skráningar á markað og alls ekki þannig að stórir aðilar hafi ekki fengið alla þá hluti sem þeir óskuðu sér."

Enginn hornsteinn

Athygli vekur að áhugi stærri fjárfesta virðist hafa verið minni en að var stefnt og var gripið til þess ráðs að færa hluti frá útboðsbók B, sem er ætluð fagfjárfestum og stærri fjárfestum sem hyggjast bjóða í hluti fyrir meira en 20 milljónir króna, yfir í útboðsbók A sem ætluð er almennum fjárfestum sem bjóða frá 100.000 kr. upp í 20 milljónir. „Það var líka eftir því tekið að í gögnum útboðsins var hvergi minnst á svokallaða hornsteinsfjárfesta, en í útboðum af þessum toga er ekki óalgengt að stórir fjárfestar skuldbindi sig fyrir fram til að kaupa ákveðið magn hluta og er það þá tiltekið í útboðslýsingunni," segir Alexander og bendir á að það geti haft áhrif á áhuga annarra fjárfesta ef hornsteinsfjárfestar eru til staðar. „Það ýtir við fleirum að gera tilboð enda vísbending um góða eftirspurn ef fyrir fram er búið selja stóran hlut í félaginu strax við skráningu á markað."

Í aðdraganda hlutafjárútboðsins gerði Alexander verðmat á Bláa lóninu og komst að þeirri niðurstöðu að meta mætti hvern hlut á 133 krónur. Útboði síðustu viku lauk hins vegar í genginu 95 og segir Alexander að þeir sem tóku þátt hafi eignast sína hluti á góðu verði. Spurður hvers vegna útboðsverðið endaði í lægri kantinum segir Alexander að þar megi benda á markaðsaðstæður á íslenskum hlutabréfamarkaði og virðast mörg íslensk félög lágt verðmetin af kaupendum um þessar mundir. „Það eru önnur félög í kauphöllinni sem eru lágt verðlögð að mati Akkurs og jafnvel enn ódýrari en Bláa lónið."

Var verðið of hátt?

Sérfræðingur sem vildi ekki láta nafns síns getið sagði blaðinu að viðtökurnar bentu til þess að markaðinum hefði þótt Bláa lónið of hátt verðlagt í útboðinu. „Undir venjulegum kringumstæðum eru 95 krónur á hlut ekki ósanngjarnt verð, en miðað við aðstæður á hlutabréfamarkaðinum þessa stundina er það allt of hátt, og aðilum á markaði hefur kannski fundist eðlilegt að einhver afsláttur væri veittur af þessu verði – sérstaklega fyrir A-bókina," segir hann og bendir á að hlutabréfaverð annarra íslenskra fyrirtækja hafi verið á niðurleið og mörg þeirra þyki ódýr í samanburði við Bláa lónið.



Alexander Jensen Hjálmarsson



Elvar Þór Karlsson

Sami viðmælandi bendir á að það liti markaðinn um þessar mundir að vextir séu háir og lítið flæði í hlutabréfaviðskiptum og sennilegt sé að það hafi unnið gegn hlutafjárútboðinu. Eins virðist sem erlendir fjárfestar hafi sýnt útboðinu mun minni áhuga en vonast hafði verið til.

„En ég held að það sé enginn sem þurfi að skammast sín eftir þetta útboð sem var á margan hátt vel heppnað. Það er líka samhljómur um að Bláa lónið sé flott félag sem allir halda með. Ef eitthvað þarf að gagnrýna þá er það að stærstu eigendurnir vildu einfaldlega selja á of háu verði."

Krefjandi aðstæður

Fyrirtækjaþjónusta Landsbankans og Fossar fjárfestingarbanki voru umsjónaraðilar útboðsins. Elvar Þór Karlsson, forstöðumaður hjá Landsbankanum, bendir á að útboðsgengið hafi orðið endanlegt verð í báðum hlutum útboðsins og því hafi lokið á þeim kjörum sem lagt var upp með. „Það er sama gengi og hefur verið miðað við á þessu ári í öðrum viðskiptum, með Arctic Adventures og þegar Gildi bætti við sig fyrr á þessu ári," segir hann. „Í því ljósi má sömuleiðis nefna að enginn af núverandi eigendum seldi hluti í útboðinu heldur var einungis um aukningu að ræða. Greinendur mátu bréfin á ýmsa vegu, bæði hærri og lægri en útboðsgengið, og við tjáum okkur ekki sérstaklega um þær greiningar."

Um þátttöku erlendra fjárfesta segir Elvar að skipting áskrifta eftir löndum hafi ekki verið birt og verði ekki gefin upp, en skiptingin muni sjást í hluthafalista félagsins eftir skráningu. „Eins og forstjóri Bláa lónsins hefur sagt voru viðbrögð almennings sterkari en gert var ráð fyrir og þátttaka fagfjárfesta heldur minni. Útboðið fór þó fram við krefjandi aðstæður af ýmsum ástæðum, hér heima sem á erlendum mörkuðum undanfarna daga og vikur," segir Elvar. „Hluti bréfa sem ætluð voru stærri fjárfestum var færður yfir í hlutann fyrir minni áskriftir. Til að meta niðurstöðuna þarf þó að horfa á hluthafahópinn í heild. Fyrir útboðið áttu lífeyrissjóðir og stærri fjárfestar stóran hlut og þeir eru áfram meðal stærstu hluthafa eftir skráningu og sameiningu við Arctic Adventures. Samsetning hluthafa er því í góðum takti við önnur skráð félög."



Morgunblaðið/Eyþór

Undur Þó að umframeftirspurn hafi verið í nýafstöðnu útboði Bláa lónsins þykir sérfræðingunum að hún hefði mátt vera meiri. Athygli vekur að svo virðist sem engir hornsteinsfjárfestar hafi tekið þátt í útboðinu.

Greiðsluáskorun

Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 16. nóvember 2026, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 5. nóvember 2026 og önnur gjaldfallin álögð gjöld og ógreiddar hækkanir er fallið hafa í eindaga til og með 16. nóvember 2026, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, olíugjaldi, kílómetragjaldi, gistináttaskatti, innviðagjaldi, fjársýsluskatti, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, árgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, jarðarafgjaldi, sektum skattrannsóknarstjóra, ofgreiddri uppbót á eftirlaun, ofgreiðslu stuðnings úr ríkissjóði vegna greiðslu hluta launakostnaðar á uppsagnarfresti, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins, árgjaldi handhafa markaðsleyfis, veiðigjaldi, kílómetragjaldi vegna notkunar hreinorku- og tengiltvinnbifreiða, kílómetragjaldi á ökutæki, erfðafjárskatti og álögðum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt álagi á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, útvarpsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraða, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, auðlegðarskattur og viðbótar auðlegðarskattur, fjármagnstekjuskattur ásamt álagi á ógreiddan fjármagnstekjuskatt, ógreiddur tekjuskattur af reiknuðu endurgjaldi ásamt álagi, búnaðargjald, sérstakur fjársýsluskattur, sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki, jöfnunargjald alþjónustu, ofgreiddar barnabætur og ofgreiddar vaxtabætur.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.
Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er 18.200 kr. fyrir hvert fjárnám. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.
Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald, fjársýsluskatt, gistináttaskatt og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og kílómetragjald mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verð út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllnum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum

Reykjavík, 17. nóvember 2026

Ríkisskattstjóri
Sýslumaðurinn á Vesturlandi
Sýslumaðurinn á Vestfjörðum
Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra
Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra
Sýslumaðurinn á Austurlandi
Sýslumaðurinn á Suðurlandi
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn á Suðurnesjum